

**1. bekkur - námsgrein: Tónmennt - kennari: Anna Maria Tabaczynska - tímafjöldi: 2 tímar á viku**

Námsgögn: Söngлагаhefti Landakotsskóla, skólahljóðfæri og námsefni frá kennara.

Lykilhæfni: Í leikskóla hafa flest barnanna kynnst grunnþáttum tónlistar í gegnum leiki, söng, hreyfingu og ritmahljóðfæri. Nemendur læra nú að nefna og skilgreina það sem þau hafa verið að vinna með. Vinna með hrynn, laglínu og hljóma verður nú sett í samhengi til að stuðla skref fyrir skref að leikni og skilningi í tónlist. Áhersla er lögð á hlustun og virka þátttöku nemenda í tímunum.

Grunnþættir:

Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla eru grunnþættir menntunar sex. Unnið er með alla þessa þætti, en þó mismikið eftir árgöngum: *læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, heilbrigði og velferð, sköpun*. Sjá nánar í skólanámskrá Landakotsskóla.

Lokanámsmat í samræmi við hæfniviðmið aðalnámskrár.

Í Landakotsskóla er leitast við að námsmat sé leiðbeinandi og nái utan um fjölbreytta hæfni nemenda. Í meginráttum er endurgjöf og námsmat til nemenda með tvenns konar hætti:

- *í formi óformlegs námsmats í gegnum samtal, hvatningu og leiðsögn í kennslustundum sem byggt er á skýrum markmiðum sem eru nemendum ljós.*
- *með formlegri hætti með ólíkum verkefnum sem nemandi vinnur ýmist í skólanum eða sem heimaverkefni. Nemendur sýna hæfni sína með ritgerðum, kynningum, munnlegum, verklegum eða skriflegum prófum, leikþáttum, stuttmyndum, framsöguverkefnum myndverkum eða dansverkum þar sem styrkleikar nemenda geta notið sín. Í þessum verkefnum fá nemendur formlegri endurgjöf sem getur verið í formi einkunnarorða, bókstafa, prósentutölu, stigagjafar eða umsagnar. Nemendur vinna einnig sjálfsmat og jafningamat með sambærilegum hætti. Námsmatið er grundvallað á þeim hæfniviðmiðum sem unnir er með hverju sinni.*



Náms- og kennsluáætlun

Landakotsskóli

Hæfniviðmiðin eru sá grundvöllur sem náms- og kennsluaðferðir og námsmat byggjast á.

- Hæfniviðmiðin skýra fyrir nemendum til hvers er ætlast af þeim og leiðbeina við námið, hvetja og auka skilning á tilgangi námsins.
- Hæfniviðmiðin hjálpa kennurum að gera sér skýra grein fyrir því hvað það er sem þeir vilja að nemendur nái tökum á varðandi þekkingu og leikni.
- Hæfniviðmiðin hjálpa kennurum að velja hentugar kennsluaðferðir og skilgreina hvernig meta skuli árangur og hvort tiltekinni hæfni sé náð.

Námsþættir	Hæfniviðmið	Náms- og kennsluaðferðir	Námsmat
HRYNUR	• Að heyra, nefna, flytja og skilja hryn í mismunandi takti á margskonar vegu (klappa, stappa, ganga, með hreyfingu, tjáningu, spila á hljóðfæri o.fl). • Að þekkja og tjá hrynmynstur. • Að geta gert 2 eða fleiri hrynform samtímis í hóp. • Að framkvæma einfalda hryn í spuna.	innlögn frá kennara og æfingar	símat
SÖNGUR / LAGLÍNA	• Að syngja laglínu í hóp. • Notað söngröddina á virkan hátt og túlka mismunandi stílbrigði og stemningu.	• Sönglög kennd á fjölbreyttan hátt - áhersla einnig lögð á að nemendur skilji og læri texta utanbókar. • Sönglög kennd sem sungin eru á samsöng á föstudögum • Einföld lög með hreyfingu og dansi	símat
HLUSTUN	• Hlusta og kynnast tónlist á margvíslegan hátt .s.s gegnum hreyfingu, teikningu og myndræn mynstur.	• Ýmsar æfingar lagðar fram af kennara, hópavinna. • Rætt um tónlist út frá upplifun.	símat



Náms- og kennsluáætlun

Landakotsskóli

HLJÓÐFÆRALEIKUR	• Grunnspilatækni mismunandi slagverkshljóðfæra. • Grunnþúls og einföld hrynmynstur • Skapandi hljóðfæraspil s.s. hljóð og tónlist við ljóð og sögur.	Ýmsar æfingar lagðar fram af kennara, hópavinna	símat
HREYFING	Standa, ganga og dansa í hring.	• Ýmsar æfingar lagðar fram af kennara, hópavinna • Hreyfimöguleikar allra líkamshluta kannaðir (unnið út frá hugmyndum Laban um skapandi hreyfingu).	símat
DANSAR	Einfaldir dansar og leikir	Innlögn frá kennara	símat
HREYFISAMSTILLING	Að efla samhæfingu sjónar og hreyfingar, ásamt rytmískri færni. Að geta samhæft hreyfingu, látbragð og hljóð.	Rytmískir leikir, æfingar með hljóðfærum og hreyfi- og hljóðsamvinna.	símat
EINBEITING OG ATHYGLI	Að þjálfra einbeitingu, meðvitaða hlustun og virka þátttöku í tónlistarlegum viðfangsefnum.	Æfingar í einbeitingu og hlustun, vinna með þögn, athugun og viðbrögð við tónlist.	símat

ANNARÁÆTLUN			
Tímabil	Viðfangsefni	Námsefni	Annað
Ágúst	Kynningartímar – kynna nemendur inn í tónmennt. Leikir og samskipti sem efla traust, athygli og samvinnu.	Lagahefti Landakotsskóla, ýmsis sönglög og hljóðfæri í kennslustofu.	
September	Undirbúningur fyrir þátttöku í tónleikum fyrir skóla í Hörpu. Inngangur að „Dýrakarnivalinu“ eftir	Sönglög, hljóðfæraæfingar, hlustun á „Dýrakarnivalið“. Efni frá kennara og á netinu. Franskt lag mánaðarins.	



Náms- og kennsluáætlun

Landakotsskóli

	Saint-Saëns. Leikir og æfingar sem efla virka hlustun og tónskyn.		
Október–nóvember	Rytmískir leikir, virk hlustun og æfingar í hreyfisamstillingu. Inngangur að nótnaskrift (hryn).	Námsefni frá kennara, æfingar á netinu til að þjálfra takt, einföld trommuspil og klappæfingar.	
Desember	Jólaölög. Undirbúningur og æfingar fyrir jólaskekkmtun skólans.	Sönglagahefti Landakotsskóla, jólaölög, hljóðfæri í kennslustofu. Franskt jólaölög.	
Janúar–febrúar	Þorralög – íslensk vetrarölög. Æfingar í hryn og atkvæðum orða.	Þorralög, hljóðfæraæfingar, efni frá kennara, franskt lag mánaðarins.	
Mars–apríl	Vorölög, dansar og hreyfileikir. Skapandi verkefni – teikning og hreyfing við tónlist.	Sönglög, efni frá kennara, myndsköpun og hlustunarverkefni, franskt lag mánaðarins.	
Mái–júní	Endurtekning og samþætting. Æfingar í hryn og atkvæðum, dans og hreyfing, sumarölög.	Lagahefti Landakotsskóla, ýmsis sönglög og hljóðfæri í kennslustofu.	

Áskilinn er réttur til breytinga á áætlun og námsmati eftir þörfum og aðstæðum.